

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 113/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 211/2007 frá 27. febrúar 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar fjármálaupplýsingar í lýsingum og um er að ræða útgefanda sem hefur að baki margþættan fjármálaferil eða hefur tekið á sig umtalsverðar fjárskuldbindingar ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 29ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004) í IX. viðauka við samninginn:

„– **32007 R 0211**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 211/2007 frá 27. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 61, 28.2.2007, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 211/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 32, og EES-viðbæti nr. 60, 13.12.2007, bls. .

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 61, 28.2.2007, bls. 24.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.